

Ed.

408. Breytingartillögur

[177. mál]

við frv. til 1. um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (ÁB, KGuðj, PÞ).

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1968, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Lánstími skal vera allt að 20 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkæzt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

a. (5. gr.) Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

b. (6. gr.) Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris eða annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkvæmt 4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 3 menn til þess að meta þarfir og fyrirgreiðslu þessa. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og einn skipaður án tilnefningar.